

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð nr. 532 23. desember 1975, um aukatekjur ríkissjóðs.****1. gr.**

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætast tveir nýir töluliðir er verði 30. og 31. töluliður og orðist svo:

30. Skráning og umskráning beltabifhjóla kr. 1 000.00.

31. Skráning eigendaskipta að beltabifhjóli kr. 1 000.00.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 23. desember 1975 öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 17. september 1976.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 377.

15. október 1976.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktar- og húsbýggingarsjóð Leikfélags Kópavogs, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. október 1976.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**fyrir Styrktar- og húsbýggingarsjóð Leikfélags Kópavogs.****1. gr.**

Sjóðurinn heitir: Styrktar- og húsbýggingarsjóður L. K.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 100 000.00. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum kann að áskotnast, gjafafé, hagnaður af leiksýningum, sem sýndar eru á vegum sjóðsins. Af árlegum nettótekjum sjóðsins skal ávallt leggja eigi minna en 10% af tekjum við höfuðstól.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita efnilegum leikurum, leikstjórum og leiktækni-mönnum styrki til framhaldsmenntunar, veita fé til húsbýggingar fyrir starfsemi félagsins, svo og nauðsynlegra tækjakaupa í því sambandi.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, þar af tveir tilnefndir af Leikfélagi Kópavogs og einn af bæjarstjórn Kópavogs. Störf í þágu sjóðsins eru ólaunuð.